

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
umsagnir@althingi.is

Reykjavík, 24. maí 2024

Efni: Umsögn KPMG Law ehf. um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda (erlendar fjárfestingar), á þingskjali 1366 – 921. mál.

Í tölvupósti frá nefndasviði Alþingis þann 10. maí 2024 er KPMG Law ehf. (hér eftir „KPMG“) gefinn kostur á að veita umsögn um framangreint frumvarp til laga. KPMG sér ástæðu til að setja fram eftirfarandi athugasemdir og ábendingar við ákvæði frumvarpsins.

1. Almenn

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um tekjuskatt með það að markmiði að einfalda regluverk og lækka skatta til að efla erlenda fjárfestingu á Íslandi, einkum í nýsköpun.

2. Athugasemdir við 1. gr.

Með b-lið 1. gr. frumvarpsins er lagt til að fella brott 5. og 6. málsli. 8. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 90/2003 og í stað komi nýr málsliður sem fellir brott skattskyldu erlendra aðila vegna hagnaðar af sölu hlutdeildarskírteina í verðbréfasjóðum og sérhæfðum sjóðum fyrir almenna fjárfesta hér á landi sem hlotið hafa staðfestingu Seðlabanka Íslands og skráðir eru skv. 30. gr. laga nr. 116/2021, um verðbréfasjóði, og 83. gr. laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Velta má fyrir sér hvers vegna tillagan taki einungis til hlutdeildarskírteina í skráðum verðbréfasjóðum og sérhæfðum sjóðum fyrir almenna fjárfesta sem hlotið hafa staðfestingu Seðlabanka Íslands, en ekki jafnframt til hlutdeildarskírteina eða hlutabréfa í sjóðum sem markaðssettir eru fyrir fagfjárfesta og hafa ekki hlotið skráningu skv. 30. gr. laga nr. 116/2021, um verðbréfasjóði, eða 83. gr. laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Þess ber að geta að í mörgum tilvikum eru sérhæfðir sjóðir reknir í formi samlagshlutafélaga sem ekki eru sjálfstæðir skattaðilar. Falla þeir því ekki undir 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 90/2003 sem gerir það að verkum að sú undanþága sem lögð er til í a-lið 1. gr. frumvarpsins nær hugsanlega ekki til hagnaðar sem erlendir aðilar kunna að hafa af sölu hlutdeildarskírteina eða hlutabréfa í slíkum sjóðum. Þær röksemdir sem færðar eru fram í greinargerð frumvarpsins fyrir tillögðum breytingum á 7. og 8. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 90/2003 eiga hins vegar allt eins vel við um síðarnefndu sjóðina. Erlendur aðili, sem fjárfestir í sérhæfðum sjóði sem er markaðssettur fyrir fagfjárfesta og er ekki sjálfstæður skattaðili, fær samt sem áður hvorki notið undanþágunnar sem lögð er til í a-lið 1. gr. frumvarpsins né undanþágu þeirri sem lögð er til í b-lið 1. gr. frumvarpsins. Af þeirri ástæðu telur KPMG að tilefni sé til endurskoðunar á 1. gr. frumvarpsins.

Þá má enn fremur velta fyrir sér hvers vegna tillagan taki aðeins til hlutdeildarskírteina í ákveðnum sjóðum en ekki til allra vaxtatekna erlendra aðila almennt.

Þær röksemdir sem taldar eru upp í greinargerð frumvarpsins eiga einnig við um aðrar tegundir tekna sem skattlagðar eru sem vaxtatekjur. Líkt og réttilega er vikið að í greinargerð frumvarpsins kveða margir tvísköttunarsamningar sem Ísland er aðili að á um að eingöngu skuli skattleggja vaxtatekjur í heimilisfestarríki þess sem hefur vaxtatekjurnar. Þá kveða tvísköttunarsamningar aðal viðskiptaríkja Íslands á um slíkt. Af því er ljóst að skatttekjur af vaxtatekjum erlendra aðila á Íslandi eru takmarkaðar. Einnig þegar horft er til nágrannaríkja okkar þá er ljóst að vaxtatekjur erlendra aðila eru almennt ekki skattskyldar.

Flestir þeir tvísköttunarsamningar sem Ísland er aðili að gera ekki greinarmun á vaxtatekjum eftir því af hvers kyns fjármálagerningi tekjurnar stafa. Með vísan til þess og m.t.t. markmiða og tilefnis þeirra lagabreytinga sem lagðar eru til í umræddu frumvarpi má velta því upp hvort löggjafinn ætti ekki að taka nánar til skoðunar að fella allar vaxtatekjur erlendra aðila undir ákvæði frumvarpsins.

Eins og fram kemur í greinargerð frumvarpsins er innheimtur skattur ríkissjóðs vegna vaxtatekna erlendra aðila afar takmarkaður. Samkvæmt frumvarpinu virðist það eiga við hvort sem um sé að ræða vaxtatekjur almennra fjárfesta af íslenskum hlutdeildarskírteinum eða annarskonar vaxtatekjur.

Sem dæmi úr framkvæmdinni, þar sem sömu rök eiga við, má nefna:

1. *Skuldabréf skráð í verðbréfamiðstöð*

Með lagabreytingu á árinu 2020 var afnumin staðgreiðsla af vaxtatekjum erlendra aðila af skuldabréfum útgefnum af íslenskum aðilum sem skráð eru á ákveðnum verðbréfamiðstöðvum. Skattskylda slíkra tekna var aftur á móti ekki afnumin. Í framkvæmd hefur þetta þýtt að erlendir aðilar þurfa oft á tíðum að standa í töluverði fyrirhöfn með tilheyrandi kostnaði í lok árs við að afla nauðsynlegra vottorða og fylla út rétt form á Íslandi, í því skyni að hlíta reglunum, eingöngu til að staðfesta formlega að ekki eigi að koma til skattlagningar.

2. *Innstæður erlendra aðila í íslenskum íjármálastofnunum*

Hér er hægt að hugsa sér tilfelli um danskan námsmann sem stofnaði reikninga í íslenskum banka meðan hann var í skiptinámi á Íslandi en fluttist síðan aftur til Danmerkur. Stofnaði hann m.a. reikning í dönskum krónum. Í hvert skipti sem námsmaðurinn tekur út dönsku krónurnar til að nota í Danmörku þarf íslenska fjármálastofnunin að reikna út hvort að um gengishagnað sé að ræða á Íslandi. Er slíkur gengishagnaður skattskyldur á Íslandi sem vaxtatekjur. Hins vegar ef danski námsmaðurinn:

- i. sækir um svokallað skattheimilisfestarvottorð frá dönskum skattyfirvöldum í frumriti;
- ii. fyllir út sérstakt eyðublað íslenskra skattyfirvalda um beitingu tvísköttunarsamnings Íslands og Danmerkur;
- iii. Skilar eyðublaðinu rétt útfylltu ásamt frumritinu af skattheimilisfestarvottorðinu til íslenskra skattyfirvalda; og
- iv. fær beitingu samningsins samþykkt,

þá er danski námsmaðurinn ekki skattskyldur af tekjunum á Íslandi heldur einungis í Danmörku.

Með því að láta tillagða breytingu á 8. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 90/2003 ná til allra vaxtatekna erlendra aðila væri verið að einfalda regluverkið, minnka kostnað og umstang erlendra aðila vegna viðskipta á Íslandi og stuðla þannig að aukinni erlendri fjárfestingu. Væri slíkt í samræmi við yfirlýst markmið frumvarpsins.

Að lokum skal tekið fram, hvað varðar brottfall 5. málsl. 8. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 90/2003, þá vekur það upp þá spurningu hvort brottfellingin sé tímabær. Þar sem á sínum tíma þótti þörf á að undanþiggja skattlagningu vaxta af þeim skuldabréfum sem málsliðurinn varðar, þá hljóta einhver þessara skuldabréfa að hafa borið vexti. Velta má upp hvort fyrir liggi að öll slík skuldabréf séu uppgreidd.

3. Athugasemdir við 2. gr.

KPMG telur að umrædd lagabreyting kunni að vera til frekari skýringar um hvaða vinna falli undir 1. tölul. 1. mgr. 10. gr. a. tekjuskattslaga, en vill þó einnig vísa til þeirra athugasemda sem áður hafa gerðar við ákvæðið. KPMG er enn þeirrar skoðunar að skilyrði ákvæðisins sníði því svo þröngan stakk að markmið ákvæðisins komist ekki almennilega til framkvæmda.

Í því sambandi má nefna það skilyrði 1. tölul. 1. mgr. 10. gr. a. að sprotafyrirtæki hafi fengið staðfestingu Rannís, sbr. 5. gr. laga nr. 152/2009, um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, áður en kaupréttarsamningur er gerður. Það getur reynst mikilvægt fyrir fyrirtæki á öðrum stigum, fyrir og eftir Rannís, að laða til sín öflugt starfsfólk. Velta má því upp hvort útvíkka mætti gildissvið ákvæðisins þannig að sprotafyrirtækið sem um ræðir þurfi aðeins að flokkast sem nýsköpunarfyrirtæki í skilningi laga 3. tölul. 3. gr. laga nr. 152/2009, þ.e. lögaðili skv. 1. og 3. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 90/2003, sem stundar rannsóknir eða þróun skv. lögnum. Fyrirtæki getur talist vera nýsköpunarfyrirtæki og enn fremur talist stunda rannsóknir eða þróun í skilningi laga nr. 152/2009 óháð því hvort að Rannís hafi veitt verkefni þess staðfestingu varðandi rétt fyrirtækisins til skattfrádráttar. Í þeim efnunum er einnig vert að taka fram að hugtakið „sprotafyrirtæki“ er hvergi nefnt í lögum nr. 152/2009, en er notað í 10. gr. a. tekjuskattslaga.

Sem fyrr segir telur KPMG að brottfall orðanna „framkvæmd á“ í 1. tölul. 1. mgr. 10. gr. a. sé til bóta sem og sú viðbót sem lögð er til í b-lið 2. gr. frumvarpsins varðandi markaðssetningu og sölu á hinu staðfesta verkefni. Að mati KPMG er hins vegar enn ekki gengið nógu langt með því að útiloka almenna starfsmenn og aðra ráðgjafa frá því að fá notið ákvæðisins.

Við setningu 10. gr. a. laga nr. 90/2003 hafði KPMG ýmsar athugasemdir og vill ítreka þær hvað varðar tímamörk ákvæðisins. Er það gert að skilyrði að annars vegar þurfi að lágmarki að líða 18 mánuðir frá gerð kaupréttarsamnings og þar til hann er nýttur og hins vegar að kaupréttarsamningurinn megi ekki ná til lengri tíma en átta ára.

Örlög margra farsælla nýsköpunarfyrirtækja er á þá vegu að stærri og stöndugri félög fjárfesta í þeim að hluta eða öllu leyti. Er það oftast en ekki beinlínis markmið stofnenda nýsköpunarfyrirtækja að selja félagið á tilteknu stigi rekstrarins. Vegna þessa raunveruleika má oftast en ekki finna ákvæði í kaupréttarsamningum sem kveða á um að við sölu nýsköpunarfyrirtækis virkist réttur kaupréttarhafa til að nýta allan kauprétt sinn, hvort sem ávinningstímabilið er liðið eður ei. Kaupréttarhafa stendur þá til boða að nýta kauprétt sinn og selja svo hlutinn sem hann eignaðist við nýtingu kaupréttarins til nýrra kaupenda. Er þetta kaupréttarhöfum einkar mikilvægt svo þeir geti notið ágóða af því að fyrirtækið er selt, en það er oft á tíðum einmitt undirliggjandi markmið með störfum kaupréttarhafans, þ.e. að fá hlutdeild í framtíðarverðmæti fyrirtækisins. Þá þykir oft á tíðum ekki fýsilegt fyrir kaupendur að fyrir liggi samningar sem félag hefur gert sem beinlínis hindri viðskiptin. Kaupréttarhafar munu reyna að standa í vegi fyrir því að félagið sem veitir kaupréttina verði selt innan 18 mánaða frá gerð kaupréttarsamningsins. Einnig munu félögin sjálf væntanlega bregða á það ráð að kveða á um í kaupréttarsamningum að við sölu falli kaupréttarsamningur niður að því leyti sem varðar óáunnin réttindi. Þá vilja kaupendur félaga oftast en ekki taka við félagi sem hefur ekki útistandandi skyldur um að gefa út eða selja tiltekna hluti til annarra en kaupendanna sjálfra. Með þessum hætti getur 18 mánaða lágmarksskilyrði laganna sett markmið stofnenda nýsköpunarfyrirtækja auk mögulegra fjárfesta í uppnám.

Þá þykir KPMG jafnframt varhugavert að skilyrða gildissvið ákvæðisins við kaupréttarsamninga til að hámarki átta ára. Í mörgum tilfellum geta verið rök fyrir því að hafa tímabilið styttra, og í öðrum tilfellum lengra. Hér verður samningsfrelsið að ráða för.

4. Athugasemdir við 3. gr.

Meginmarkmið þessara lagabreytinga er að efla erlenda fjárfestingu hér á landi, einkum í nýsköpun. Með því að takmarka ekki rétt fyrirtækja við að nota yfirfæranlegt tap við tiltekin árafjölda að þá er sérstaklega stutt við nýsköpunarfyrirtæki.

Í kjölfar nýlega breyttrar skattfrákvæmdar og úrskurðar yfirséttanefndar í máli nr. 173/2023 telur KPMG að mikilvægt sé að skerpa á túlkun ákvæðis 8. tölul. 31. gr. laga nr. 90/2003 að því er varðar yfirfæranlegt tap og samspil þess við 5. mgr. 119. gr. um afléttingu tvísköttunar. Nýstárleg túlkun skattfyrivalda á ákvæðinu kemur einkar harkalega niður á nýsköpunarfyrirtækjum.

Hin nýstárlega túlkun þýðir í raun að öll íslensk fyrirtæki sem eiga yfirfæranlegt tap frá fyrri árum og eru með tekjur frá erlendu ríki, sem ekki hefur gert tvísköttunarsamning við Ísland, eiga ekki möguleika á að láta taka tillit til erlendra skattgreiðslna. Leiðir slíkt til tvísköttunar og skerðir til muna samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja. Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á því að Ísland er einungis með um 40 tvísköttunarsamninga og nánast enga samninga við ríki Asíu, Afríku eða Suður-Ameríku sem eru ört stækkandi markaðssvæði fyrir íslenska nýsköpun.

Samhliða þeirri lagabreytingu sem nú er lögð til með 3. gr. frumvarpsins, þ.e. að tap fyrnist ekki á 10 árum heldur verði heimilt að nýta það ótakmarkað inn í framtíðina, er mikilvægt að skerpa á 8. tölul. 31. gr. laga nr. 90/2003 svo það leiði ekki til tvísköttunar fyrir íslensk fyrirtæki.

Tillaga KPMG er að við 8. tölul. 31. gr. verði aukið nýjum málslíð, svohljóðandi:

Frádráttur taps frá fyrri árum er á hverju ári valkvæður og að því leyti sem skattaðili kýs að nýta ekki heimild til frádráttar taps flyst tapið óbreytt áfram til frádráttar á síðari árum.

5. Athugasemdir við 4. gr.

Í bráðabirgðaákvæði því sem lagt er til í a-lið 4. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um að aðeins verði heimilt að nýta eftirstöðvar rekstrartapa sem mynduðust á rekstrarári sem lauk á árinu 2024 eða fyrr, í 10 ár, talið frá og með því ári sem tap varð til.

Um þetta ákvæði segir í greinargerð frumvarpsins að um sé að ræða sömu reglu og nú þegar er í gildi. Þeirri breytingu sem 3. gr. frumvarpsins mælir fyrir um er því m.ö.o. eingöngu ætlað að taka til rekstrartapa sem myndast frá og með árinu 2025 en ekki vegna fyrri ára. Slíkt sé í samræmi við markmið frumvarpsins að hvetja til nýrra fjárfestinga hér á landi.

Í greinargerð frumvarpsins segir um 3. gr.: „Almennt er leitast við að leggja skatt á heildarhagnað atvinnurekstrar, þ.e. heildartekjur að frádregnum heildargjöldum yfir líftíma atvinnurekstursins án tillits til einstakra uppgjörstímabila. Tímamörk þau sem finna má í gildandi 8. tölul. 31. gr. eru frávik frá því markmiði sem ekki verður séð að ástæða sé til að viðhalda enda eru reistar skorður við því að stunduð séu viðskipti með eftirstöðvar rekstrartapa án þess að baki liggja viðskiptalegur tilgangur.“ Þessum orðum er KPMG sammála. Hins vegar má velja því fyrir sér hvort slíkt hið sama eigi ekki jafnframt við um nýtingu eftirstöðva rekstrartapa sem mynduðust á rekstrarári sem lauk á árinu 2024 eða tíu árum fyrr. Í athugasemdum við 4. gr. frumvarpsins er ekki vikið að því af hverju svo er ekki. KPMG hvetur til endurskoðunar á bráðabirgðaákvæði a-liðar 4. gr. frumvarpsins hvað þetta varðar, enda ekki að sjá að

það sé nein sérstök ástæða fyrir því að miða tímamark áhrifa þessa ákvæðis við töp sem myndast frá og með 2025 í stað þess að taka til allra ófyrndra tapa á því tímamarki sem lögin munu taka gildi.

6. Athugasemdir við 5. gr.

Með 5. gr. frumvarpsins er m.a. lagt til að 2. másl. 6. tölul. 5. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, falli brott en þar er mælt fyrir um undanþágu frá staðgreiðsluskyldu á söluhagnað aðila með takmarkaða skattskyldu af íslenskum hlutabréfum og stofnbrefum. Lagt er til að fella brott ákvæðið sökum þess að í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að afnema skattskylduna í ákveðnum tilfellum.

Vert er að benda á að afnám skattskyldunnar sem mælt er fyrir um í 1. gr. frumvarpsins er bundin tveimur skilyrðum þegar kemur að einstaklingum. Undanþága erlendra einstaklinga frá skattskyldu af söluhagnaði hlutbréfa í íslenskum félögum er háð því að einstaklingarnir sem njóta söluhagnaðarins eigi minna en 25% af hlutafé félagsins sem selt er í og að þeir hafi ekki haft skattalega heimilisfesti á Íslandi á síðastliðnum fimm árum fyrir sölu.

Þegar skattskyldan á við, þ.e. þegar einstaklingur átti skattalegt heimilisfesti á Íslandi fyrir minna en fimm árum og/eða á 25% eða meira í hlutafé félags, þá virkjast staðgreiðsluskylda, sem var ekki fyrir að finna áður.

Af þessari ástæðu bendir KPMG á að breyting þessi kann í einhverjum tilvikum að hafa öfug áhrif en að efla erlenda fjárfestingu á Íslandi.

7. Tillögur KPMG til breytinga á lögum nr. 90/2003

Að mati KPMG er að finna ýmsar jákvæðar tillögur til breytinga á lögum nr. 90/2003 í umræddu frumvarpi. Samt sem áður telur KPMG að þær athugasemdir og breytingartillögur KPMG sem fram koma í umfjölluninni hér að framan geti leitt til frekari bóta og eru þær ítrekaðar hér.

Auk þess telur KPMG að eftirfarandi breytingar á lögum nr. 90/2003 yrðu til bóta:

1. Undanþága frá takmörkun á frádrætti vaxtagjalda

Í 1. mgr. 57. gr. b. laga nr. 90/2003 segir þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 31. gr. takmarkast frádráttur vaxtagjalda og affalla umfram 100 millj. kr., sbr. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 49. gr., skattaðila skv. 2. gr. vegna lánaviðskipta við tengda aðila skv. 4. mgr. 57. gr. við 30% af EBITA hagnaði skattaðilans eins og hann er skilgreindur í lögnum. Þau vaxtagjöld og afföll sem umfram eru koma ekki til frádráttar.

Í b-lið 3. mgr. sömu lagagreinar er undanþága frá ofangreindri takmörkun veitt í þeim tilvikum þegar vaxtagjöld eru greidd vegna lánaviðskipta innan samstæðu sem nýtur heimildar til samsköttunar skv. 55. gr., eða uppfyllir skilyrði samsköttunar, þegar öll félög samstæðu eru heimilisföst á Íslandi.

KPMG leggur til að orðin „þegar öll félög samstæðu eru heimilisföst á Íslandi“ verði felld brott úr ákvæðinu. KPMG telur líkur á því að umrætt skilyrði brjóti í bága við samningsskuldbindingar Íslands skv. EES-samningnum, sbr. lög nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið, þá sérstaklega ákvæðum 31. gr. og 34. gr. EES-samningsins. Af nýlegum dómum sem fallið hafa hjá ESB-dómstólnum og EFTA-dómstólnum má ráða að slíkar undanþágureglur frá takmörkun á frádrætti vaxtagjalda, sem gera upp á milli samstæðna eftir því hvort öll félög samstæðu séu heimilisföst innan viðkomandi ríkis eða ekki, brjóti í bága við fjórfrelsisreglur EES-réttar. Í þessu sambandi vísast til dóms ESB-dómstólsins í máli *Lexel* (C-484/19) og dóms EFTA-dómstólsins í máli *PRA Group Europe AS* (E-3/21).

2. Viðmiðið um 30% af hagnaði skattaðila í tilviki samskattaðra félaga

Eins og áður segir er kveðið á um í 1. mgr. 57. gr. b. laga nr. 90/2003 að frádráttur vaxtagjalda og affalla vegna lánviðskipta skattaðila við tengda aðila skuli takmarkast við 100 millj., kr. auk 30% af EBITA hagnaði skattaðilans eins og hann er skilgreindur í lögnum. KPMG telur ástæðu til að auka við orð málgreinarinnar þannig að skýrt komi fram að í tilviki samskattaðra félaga skuli takmörkun miðast við 30% af EBITA hagnaði hinna samsköttuðu félaga, í samræmi við það almenna markmið samsköttunar að líta eigi á samsköttuð félög sem eina skattalega einingu. Í þessu samhengi er vert að hafa í huga að vaxtagjöld og afföll af lánviðskiptum milli samskattaðra félaga sæta ekki takmörkun, enda jafnast þau saman við útleiðingu á skattstofni félaganna, þ.e. gjöld og tekjur af viðskiptunum eru samtals 0 kr.

3. Skilgreiningin á hagnaði

Í 2. mgr. 57. gr. b. laga nr. 90/2003 er hagnaður skv. 1. mgr. skilgreindur sem hagnaður samkvæmt ársreikningi að viðbættum tekjuskatti, fjármagnsliðum, afskriftum og niðurfærslum fastafjármuna. Hafi skattaðili fært í rekstrarreikning hlutdeildartekjur frá öðru félagi innan samstæðunnar skal draga þær frá framangreindum hagnaði og bæta við úthlutuðum arði frá sama félagi hafi arðgreiðsla átt sér stað.

KPMG leggur til að 2. mgr. 57. gr. b. verði orðuð sem hér segir:

Með hagnaði í 1. mgr. er átt við jákvæða afkomu samkvæmt ársreikningi án fjármagnsliða, afskrifta og niðurfærsla fastafjármuna, tekjuskatts og færðar hlutdeildar í afkomu félags sem skattaðili á eignarhlut í, en að meðtöldum úthlutuðum arði frá öðrum félögum í samstæðunni. Með vaxtagjöldum og afföllum vegna lánviðskipta við tengda aðila í 1. mgr. er átt við slík vaxtagjöld og afföll umfram vaxtatekjur og affallatekjur skattaðilans af lánviðskiptum við tengda aðila skv. 4. mgr. 57. gr.

Með þeirri skilgreiningu á hagnaði sem KPMG leggur til er tillit tekið til þeirrar staðreyndar að fjármagnsliðir geta hvort heldur er verið jákvæðir eða neikvæðir. Einnig getur færð hlutdeild í dóttur- eða hlutdeildarfélagi ýmist verið jákvæð eða neikvæð. Enn fremur er tekið tillit til þess að afkoma, að meðtöldum fjármagnsliðum, afskriftum og niðurfærslum fastafjármuna, tekjuskatti og færðri hlutdeild, getur verið neikvæð, en jákvæð að þessum liðum frátöldum. Orðalag gildandi ákvæðis tekur ekki tillit til þessara staðreynda.

Í tillögu KPMG felst jafnframt að tekinn verði af allur vafi um að með vaxtagjöldum og afföllum í 1. mgr. 57. gr. b. er átt við nettó vaxtagjöld og afföll af lánviðskiptum milli tengdra aðila. KPMG hefur m.a. í huga þau tilvik þegar móðurfélag íslensks hluta samstæðu tekur lán frá erlendu móðurfélagi sínu og lánar það fé áfram til dótturfélaga sinna. Við þær aðstæður er óeðlilegt að íslenska móðurfélagið sæti takmörkun frádráttar, án þess að tillit sé tekið til vaxtatekna þess af endurlánunum. Á takmörkunina mun hins vegar reyna hjá endanlegu lántökunum (íslensku dótturfélagunum). Vert er að hafa í huga að gildandi milliverðsregla 3. mgr. 57. gr. laga nr. 90/2003 girðir fyrir óeðlileg vaxtakjör í lánakeðjunni.

Virðingarfyllst,

KPMG Law ehf.

Ágúst Karl Guðmundsson, lögmaður og eigandi